



Minnisblað - þjónustustefna

Á 1258. fundi bæjarráðs þann 9. október 2023 var lagður fram tölvupóstur Jóhönnu Sigurjónsdóttur f.h. innviðaráðuneytis, dagsettur 29. september 2023, vegna lögbundinnar skyldu sveitarfélaga til að móta þjónustustefnu í byggðum og byggðarlögum sveitarfélaga, fyrir komandi ár og næstu þrjú árin eftir það. Skal mótun stefnunnar unnin samhliða fjárhagsáætlunargerð, leitast skal við að hún verði unnin í samráði við íbúa, og skal sveitarstjórn fjalla um hana á tveimur fundum með minnst tveggja vikna millibili. Bæjarráð fól bjarstjóra að hefja vinnu við gerð þjónustustefnu fyrir Ísafjarðarbæ og leggja drög fram til samþykktar í bæjarráði.

Samkvæmt leiðbeiningum um mótun þjónustustefnu sveitarfélaga, frá Byggðastofnun, dags. í september 2023, má horfa til eftirfarandi verkferils við mótun þjónustustefnu.

Sviðsstjórar hafa unnið fyrstu tvö skrefin, þ.e. skilgreint þjónustusvæðin, þ.e. Skutulsfjörð, Súgandafjörð, Öundurafjörð og Dýrafjörð, og byggðakjarna í hverjum firði. Þá hafa sviðsstjórar kortlagt þjónustu, hver fyrir sitt fagsvið, sjá meðfylgjandi gögn.

Næsta skref er að rýna kortlagningu út frá því hvort bjarstjórn telji að bæta þurfi eða draga úr þjónustu sveitarfélagsins á einhverju þjónustusvæði, og ef svo er hver tímarammi breytinga eigi að vera og hvaða fjármagn þurfi mögulega að fylgja.

Mikilvægt skref í þessu mati er samráð við íbúa og/eða starfsmenn, s.s. með því að halda íbúafund eða íbúafundi, og/eða hafa opið samráð rafrænt s.s. á „Betra Ísland“ þar sem Ísafjarðarbær er með opið svæði.

Í kjölfar þessa þarf að móta stefnu til næstu ára, samþykkja í bjarstjórn á tveimur fundum með tveggja vikna millibili og kynna hana opinberlega. Skal stefnan unnin samhliða fjárhagsáætlun og afgreidd fyrir lok árs.

Almennt má skipta þjónustu sveitarfélagsins upp í fjóra hluta




- 1) lögskylda þjónusta sem opinberum aðilum er skylt að veita
- 2) lögheimila þjónusta og þjónusta sem hefð hefur skapast um þrátt fyrir að ekki sé mælt fyrir um inntak þjónustu eða lágmarksviðmið í lögum
- 3) valkvæð verkefni sem stjórnvöld ákveða að sinna og veita íbúum stuðning eða aðstoð
- 4) aðra þjónustubættir, sem tryggja jafnræði og jafnrétti meðal íbúa landsins.

Samkvæmt skilgreiningu innviðaráðuneytisins á opinberri grunnþjónustu skv. drögum að byggðaáætlun – aðgerð *A.15 Opinber grunnþjónusta og jöfnu aðgengis*, má stigskipta framboð þjónustu, þ.e. þjónustan er veitt á mismunandi stöðum og í mismunandi nálægð við íbúana eftir eðli og sérhæfingu þjónustunnar. Fyrsta stigs þjónustan er þá að jafnaði í boði nær notanda en önnur stig þjónustunnar. Við skipulagningu opinberrar grunnþjónustu má styðjast við svæðaskiptingu í fjórar gerðir þjónustukjarna:

- Þorp 50-400 íbúar
- Minni bæir 400-2000 íbúar
- Stærri bær 2000+ íbúar
- Borg/svæðisborg, þ.e. Reykjavík og Akureyri

Á ofangreindri skiptingu eftir stærð þjónustukjarna eru þó undantekningar þar sem stærri bæir gegna þjónustuhlutverki landshlutakjarna.

Svæðaskiptingin og stig þjónustu er nánar sýnt á myndinni hér að neðan.



Meðfylgjandi minnisblaðinu eru eftirfarandi skjöl:

- Drög að byggðaáætlun, þ.e. aðgerð *A.15 Opinber grunnþjónusta og jöfnun aðgengis*
- Leiðbeiningar um mótun þjónustustefnu sveitarfélaga, frá Bygðastofnun

- Þjónustustefna Norðurþings 2023

Lagt er til við bæjarráð að ákvarða næstu skref í vinnslu við þjónustustefnu Ísafjarðarbæjar og jafnframt leggja mat á framkomna kortlagningu með þeim augum að meta hvort bæta skuli í eða draga úr þjónustu á einhverju sviði á einhverju þjónustusvæði.